

Reglur fyrir skóladagheimilin í Fjarðabyggð.

- Að öllu jöfnu er boðið upp á vistun frá kl. 12.00- 16.30 fyrir börn í 1. – 4. bekk.
- Hvert skóladagheimili setur sér umgengnisreglur. Brjóti barn reglurnar ítrekað hefur forstöðumaður samband við heimili barnsins og vinnur ásamt foreldrum barnsins að lausn málsins. Beri það ekki árangur er forstöðumanni heimilt í samráði við skólastjórnendur að meina barninu um vistun.
- Foreldrar og/eða forráðamenn barna með sérþarfir sem þurfa aukna gæslu að mati skólayfirvalda, félagsmálayfirvalda eða svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, geta sótt um slíka gæslu til fyrrgreindra aðila sem síðan útvega skóladagheimilunum þann liðsauka sem þörf er á.
- Vistunartími skal vera hinn sami innan hvers mánaðar. Skólastjórar geta einnig skilyrt vistun á skóladagheimili, t.d. að barn sé þar alla virka daga vikunnar og að vistun sé að lágmarki 2-3 tímar á hverjum degi.
- Breytingar þarf að tilkynna forstöðumanni í tíma og ekki síðar en 20. hvers mánaðar. Breytingar taka gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar á eftir.
- Skóladagheimilin starfa ekki á starfsdögum kennara og opnun fylgir nemendadögum eftir að starfsemi er hafin.
- Einn starfsmaður skal vera á hver 15 börn.
- Skipting tíma á skóladagheimilinu er valkvæð á milli skóla en þeir þættir sem helst er horft til eru:
 - Hádegismatur.
 - Aðstoð við heimanám undir stjórn starfsfólks.
 - Útileikir undir stjórn starfsmanna.
 - Frjálsir inni- og útileikir.
- Gjald fyrir vistun og fæði á skóladagheimili í Fjarðabyggð er ákvarðað af bæjarstjórn samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.
- Dragist greiðsla á vistunargjöldum í tvo mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörðun, að plássinu hafi verið sagt lausu

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2.október 2003